

Þingskjal 9

Tillaga til lagabreytinga

Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á 42. grein laga KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

33. grein - Knattspyrnumót

- 33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttökuliðum skipt í **a.m.k.** 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum. **Tilkynni fleiri en 11 lið sig til keppni í 2. deild kvenna, þá er stjórn KSÍ heimilt að skipta þátttökuliðum í fleiri deildir, en þá skal 2. deild kvenna skipuð 8-10 liðum og 3. deild kvenna skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í þremur efstu deildunum samkvæmt fyrirkomulagi skilgreindu í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

Greinargerð

Markmiðið með breytingartillögunni er að veita KSÍ heimild til að skipta þeim liðum sem skrá sig til leiks í neðstu deild kvenna, sem í dag er 2. deild kvenna, upp í tvær deildir, þ.e. 2. og 3. deild. Ef t.d. 12 lið eða fleiri skrá sig til leiks í Íslandsmót þá hafi KSÍ heimild með vísan til greinar 33.4. til að skipta mótinu upp í fleiri deildir. Sem dæmi væri hægt að skipta deildum upp eftir styrkleika liða þannig að lið í efri hluta síðasta tímabils spili í 2. deild og neðri lið síðasta tímabils ásamt nýskráðum liðum spili í 3. deild. Spilað yrði eftir því fyrirkomulagi sem KSÍ ákveður hverju sinni.

Er vonast til að breyting þessi muni styrkja 2. deild og að liðum í knattspyrnu kvenna muni fjölga með fjölbreyttara verkefni sem 3. deild myndi bjóða upp á.

ÍR, ÍA, Völsungur og Fram